

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1737*  
*komudagur 2.5.2014*

Skrifað 2. maí 2014

**Umsögn:**

Pingskjal 837 - 485. mál. Frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána.

**Umsagnaraðili:**

Grétar Þór Ævarsson  
kt. 2605804779

Erna Halldórsdóttir  
kt. 2705803519

**Almennt álit:**

Hópur einstaklinga var með verðtryggt fasteignaveðlán á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2009. Þessi hópur hefur lögheimili erlendis og hefur ekki tök á að flytja aftur til Íslands næstu fjögur ár eftir að löggin taka gildi. Enginn í hópnum hvorki borgar skatt né á eignir á Íslandi og mun ekki gera þessi fjögur ár.

Frumvarpið í núverandi mynd gerir þessum hópi ekki kleift að njóta leiðréttingar verðtryggðra fasteignaveðlána á grundvelli búsetu, þrátt fyrir að allir innan hópsins urðu fyrir sama forsendubrest og aðrir sem voru með sömu lán á sama tímabili.

Umsagnaraðili tilheyrir þessum hópi og er sérfræðinám í læknisfræði ástæðan fyrir tímabundinni búsetu erlendis, sem tekur lengri tíma en fjögur ár og stendur ekki til boða á Íslandi.

**Tillaga að úrbótum:**

Í stað þess að óska eftir beinni endurgreiðslu í formi reiðufés eða millifærslu á persónulega bankareikninga, telur umsagnaraðili raunhæfara að fara aðrar leiðir.

Tillaga umsagnaraðila er að bjóða upp möguleikann að sækja um undanpágu á fjögurra ára reglunni, þannig að búa megi til umhverfi sem er hvetjandi fyrir umræddan hóp til að flytjast aftur til Íslands. Mögulega mætti setja ákveðin skilyrði fyrir undanpágunni, sem og þak á árafjölda undanpágunnar. Sækja þyrfti sérstaklega um undanpágu þar sem sýna þyrfti staðfestingu á búsetu erlendis.

Virðingarfyllst,  
Grétar Þór Ævarsson  
Erna Halldórsdóttir